



STOFNAÐ
25. JÚNÍ 2002

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 29.7.19
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Selfossi, 2. júlí 2019

Sveitarstjóri/Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps.

Árnes

801-Selfoss.

Efni: Staðan í kjaramálum félagsmanna Bárunnar, stéttarfélags sem vinna hjá sveitarfélögum í Árnessýslu (utan Ölfuss).

Báran, stéttarfélag (félag innan SGS)¹ vill vekja athygli á þeirri stöðu sem nú ríkir í samningamálum félagsmanna sem vinna hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu.

Viðræður hafa staðið yfir milli SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í febrúar sl. og er búið að halda nokkra fundi. Mikið ber á milli og vísaði SGS deilunni til sáttasemjara þann 28. maí sl.. Síðan þá er búið að halda tvo fundi, ekkert gengið og deilan í hörðum hnút sérstaklega varðandi lífeyrismál. Næsti fundur hjá ríkissáttasemjara verður ekki fyrr en 21. ágúst nk.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur að undanfögnu samið við önnur sambönd og félög um frestun viðræðna og friðarskyldu til 15. september nk. Samið hefur verið um innágreiðslu upp á kr. 105.000 miðað við fullt starf. Ríkissáttasemjari hafði milligöngu fyrir SGS hvort slíkt standi okkar félagsmönnum til boða en formaður samninganefndar sveitarfélaganna neitaði því þar sem búið væri að vísa deilunni til Sáttasemjara.

Miðað við þetta er ljóst að okkar félagsmenn verða þeir einu af starfsmönnum sveitarfélaganna sem ekki fá umrædda eingreiðslu. Það er von félagsins að forráðamenn sveitarfélaga sjái hag í því að hafa starfsmenn sína ánægða en mismunun sem þessi er sveitarfélögunum ekki til framdráttar og mun einungis efla barráttuandann í þeirri kjarabaráttu sem fram undan er.

Því fer Bárán, stéttarfélag fram á það að sveitarfélögin greiði starfsfólki sínu sem starfa eftir samningi SGS slíka innágreiðslu þann 1. ágúst nk. að upphæð kr. 105.000 m.v. fullt starf þann 1. júní sl. og hlutfallslega fyrir lægra starfshlutfall.

Bréf þetta fer á öll sveitarfélög í Árnessýslu utan Ölfuss. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshreppur.

Með fyrirfram þökk,

F.h. Bárunnar, stéttarfélags

Haldóra Sigr. Sveinsdóttir

Haldóra Sigr. Sveinsdóttir formaður Bárunnar, stéttarfélags

¹ Starfsgreinasamband Íslands.